

5. fundur haldinn að Breiðabliki 20. maí 2013.

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Sigurður Hreinsson, Hrefna Birkisdóttir, Halldór Jónsson og Pröstur Aðalbjarnarson.

1. mál. Ársreikningur Eyja- og Miklaholtshrepps 2012, seinni umræða. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og hann undirritaður.

Helstu niðurstöðutölur:

Rekstrartekjur	114.718.565 kr.
Rekstrargjöld	122.009.483 -
Tap ársins	1.553.027 -
Eigið fé	165.975.371 -
Eigið fé og skuldir	186.868.880 -

2. mál. Skólaaksturinn.

Samþykkt að bjóða út skólaakstur til tveggja ára með möguleika á framlengingu tvisvar til eins árs.

3. mál. Hitaveitumál - svar við erindi stjórnar Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.

Hrefna lætur bóka að hún vilji sitja hjá í umræðu um þennan lið þar sem hún á sæti sem varamaður í stjórn hitaveitunnar og líka þar sem hún er lítill hluthafi. Sigurður situr hjá en telur ekki ástæðu til að víkja af fundi þar sem aðrir hreppsnefndarmenn sem eru hluthafar í Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps gera það ekki.

Oddviti lagði til eftirfarandi bókun að svari við erindi stjórnar Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps. Bókunin samþykkt með 3 atkvæðum. 2 sátu hjá.

Bókun hreppsnefndar Eyja og Miklaholtshrepps 20.maí 2013

Hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps hefur borist bréf frá stjórn Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf. undirritað af formanni Áslaugu Sigvaldadóttur. Í bréfinu er kynntur ágreiningur innan eigendahópsins sem fram kemur í bókun stjórnarfundar 5. apríl s.l. um framkvæmd samnings Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf. (HEM) og Félagsbúsins Miðhrauni 2 sf., dags. 19. ágúst 2004.

Í bréfinu segir meðal annars: „Í 2. grein samningsins eru ákvæði um árgjöld og atriði þeim tengdum. Í 4. málsg. 2. gr. samningsins er svohljóðandi ákvæði:

Samkomulag er um að Félagsbúið Miðhrauni greiði sérstakt notendagjald fyrir notkun umfram 94.600 tonn á ári í fiskverkun (6 hlutir). Skulu greiðast kr. 6,5 pr. tonn sem umfram er. Mælir skal settur á notkun Félagsbúsins Miðhrauni sf. í fiskverkun en hemlar hjá öðrum notendum. Aðrir notendur skulu hafa rétt til að fá vatn umfram hámark skv. hemli með sömu kjörum og Félagsbúið fær

skv. samningi þessum. Sala á umframvatni skal þó háð þeim fyrirvara að allir notendur fái samningsbundið hámark af vatni skv. hemli.

Hér með er leitað eftir afstöðu hluthafa HEM til þess hvort ástæða sé til að segja samkomulagi, sem kveðið er á um í tilvitnaðri málsgrein, upp. Í stað samkomulagsins geri stjórn HEM tillögu að almennum reglum um afhendingu vatns, um réttindi og skyldur félagsins gagnvart notendum og um réttindi og skyldur notenda gagnvart félaginu, sem bornar verði fyrir hluthafafund til samþykktar“.

Í bókun stjórnar sem fylgir bréfi stjórnarformannsins segir: „Stjórn Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps hefur fundað um samninginn við Félagsbúið Miðhrauni ehf og komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn hindri framgöngu félagsins. Því telur hún nauðsynlegt að segja samningnum upp. Stjórnarmönnum barst bréf frá fulltrúa Félagsbúsins um viljaleysi Félagsbúsins til breytinga á samningnum til hagsbóta fyrir félagið. sjá fylgiskjal (Bréf Bryndísar)“

Síðan segir í lok bókunar stjórnarfundarins; „Stjórn hefur ákveðið að kanna möguleika á að segja upp ákveðnum þáttum í samningnum við Félagsbúið Miðhrauni ehf frá árinu 2004. Gerð verða drög að tilkynningu að uppsögn Samningsins við Félagsbúið“.

Sem svar við erindi stjórnar Hitaveitunnar gerir hreppsnefnd svohljóðandi bókun.

„Hreppsnefnd Eyja og Miklaholtshrepps er ljóst að djúpstæður ágreiningur ríkir um framkvæmd umrædds samnings sem átti að tryggja farsælan rekstur hitaveitunnar. Því miður hefur það ekki orðið raunin. Rekstur hitaveitunnar er því kominn í öngstræti. Við það ástand verður ekki lengur búið og því er nauðsynlegt að leita allra leiða til þess að sátt náist á breyttum forsendum um eignarhald og rekstur veitunnar sem tryggi sem best hagsmuni íbúa hreppsins. Hreppsnefnd hefur fullan skilning á tilraun stjórnar Hitaveitunnar til þess að leita lausna með þeim hætti að segja samningnum upp og hefja viðræður um nýjan samning. Ekki er á vísan að róa með niðurstöðu slíkra viðræðna. Eins og stjórn Hitaveitunnar er kunnugt um hefur hreppsnefnd lýst vilja sínum til þess að stofna til hitaveitu sem verði í eigu hreppsins. Er það gert á grundvelli þeirra tillagna sem unnar hafa verið í umboði stjórnar Hitaveitunnar og hreppsnefndar og kynntar fyrir öllum eigendum Hitaveitunnar. Hefur með sérstakri bókun verið samþykkt að bjóða hluthöfum að hreppurinn kaupi alla hluti Hitaveitufélagsins á grundvelli umrædds samnings. Hefur það verið kynnt fyrir öllum hluthöfum og standa um þessar mundir yfir viðræður við eigendur Félagsbúsins á Miðhrauni 2 um þá lausn. Var Sturlu Böðvarssyni verkefnisstjóra og Konráð Konráðssyni endurskoðanda falið að annast þær viðræður fyrir hönd hreppsnefndar. Jafnframt hefur verkefnisstjóra verið falið að eiga viðræður við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um borun nýrrar virkjunarholu og við stjórn Orkusjóðs um fjármögnunar þeirrar framkvæmdar svo tryggja megi heitt vatn og stækkun veitunnar á grundvelli þeirra tillagna um sviðsmynd VI sem gerir ráð fyrir sveitafélagsveitu.

Náist samkomulag um að hreppurinn taki yfir hluti í Hitaveitunni verður málið leyst og ekki forsendur fyrir frekari deilum um framkvæmd samningsins. Það er vilji hreppsnefndar að á það verði látið reyna og þannig leita leiða til þess að tryggja hagsmuni hreppsins og þeirra íbúa sem geta átt þess kost að nýta jarðvarmann sem sveitarfélagið hefur rétt til að nýta í landi Eiðhúsa“.

Önnur mál. Svör við tölvupósti frá Þórði Runólfssyni.

Þann 17. mars 2013 kl. 02:43 barst tölvupóstur frá Þórði Runólfssyni garðyrkjubónða á Syðra Lágafelli 2 til oddvita og var hann einnig sendur á netföng annarra í sveitarfélaginu. Póstur þessi var lagður fyrir hreppsnefnd á fundi hennar 4. apríl 2013 en afgreiðslu frestað. Í pósti þessum eru 3 spurningar bornar fram. Vegna þeirra er eftirfarandi tekið fram:

1. Spurt er: „Hvað telja hreppsnefndarmenn vera ásættanlega arðsemi af framkvæmdinni miðað(ð) við 75,5 milljón kr. fjárfestingu?“

Er þar vísað til bókunar frá fundi nefndarinnar frá 11. febrúar 2013. Tilurð þessarar bókunar er ábending oddvita á fyrrnefndum fundi þess efnis að í fjárhagsáætlun hreppsins sé gert ráð fyrir vöxtum af innstæðum og því þyrftu fjármunir þessir að skila jafngóðri ávöxtum og best fæst í bankastofnunum til að fjárhagsáætlunin standist. Nánar hefur þetta ekki verið skilgreint.

2. Spurt er: „Hvar er bókun hreppsins um að setja eigi inneign hreppsins hjá hitaveitunni í innheimtuferli ef að ekki takast samningar?“

Í þessu sambandi vísar fyrirspyrjandi til þess að oddviti hreppsins hafi setið fundinn og sjónarmið þetta hafi komið frá honum. Það skal tekið fram Guðbjartur mætti ekki sem oddviti á fundinum heldur sem lítill hluthafi í hitaveitunni. Hins vegar neyddist hann til að stíga fram sem oddviti til að bera sakir af hreppsnefnd og benda á augljós atriði eins og það að verði ekki af stækkun veitunnar er önnur af tveimur forsendum til uppgjörs komin fram og því ekki eftir neinu að bíða með það, verði niðurstaðan sú að ekki finnst flötur á stækkun veitunnar. Það er mat hreppsnefndar að sviðsmynd VI í tillögum Sturlu og Konráðs sé eina færa leiðin sem fundist hefur til að stækka veituna. Þeir sem hafna því að fara þessa leið án þess að benda á aðra færa leið eru því í reynd að kalla eftir uppgjöri við hreppinn.

3. Spurt er: „Styður hreppsnefnd það sem kom fram í máli oddvita gagnvart hluthöfum í Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps um innheimtu á inneign hreppsins?“

Hreppsnefnd telur sjónarmið oddvita á fundinum vera í samræmi við samninginn frá 2004.

Í pósti Þórðar vísar hann til þess að oddviti hafi talað um bága fjárhagsstöðu hreppsins. Hið rétta í þessu er að Guðbjartur velti því fyrir sér hvort réttlætlanlegt væri að hafa svo mikla fjármuni bundna inni í hitaveitunni m.a. í ljósi erfiðar

rekstrarniðurstöðu sveitarsjóðs, önnur ávöxtun þessa fjár gæti verið vænlegri. Bág fjárhagsstaða var ekki nefnd enda ekki í samræmi við fjárhagsstöðu hreppsins.

Fleira ekki gert og fundargerð lesin og samþykkt.